

Starfsáætlun

Grunnskólinn á Þórshöfn

2025-2026

Efnisyfirlit

Formáli	4
Starfsáætlun nemenda	5
Starfsfólk og skipurit skólans.....	6
Tónlistarskólinn	7
Skipurit og starfslýsingar stjórnenda	7
Mötuneytið	7
Skólabílstjórar	7
Skipurit leik- og grunnskóla - mynd.....	8
Fjöldi skóladaga og helstu viðburðir	8
Tilhögun kennslu.....	9
Skólatími	9
Valgreinar	9
Heimanám.....	9
Lengd viðvera/frístund.....	9
Stoðþjónusta	10
Farsæld barna og samþætt þjónusta	10
Tengiliður	10
Málstjóri í þjónustu í þágu farsældar barna.....	10
Stigskipting þjónustu	11
Fyrsta stig	11
Annað stig	11
Þriðja stig	11
Skimanir.....	12
Skólabragur	14
Lærdómssamfélag.....	14
Teymisvinna.....	14
Leiðsagnarnám	15
Geðrækt.....	15
Samstarf heimila og skóla.....	15
Jákvæður agi	16
Skólareglur	16
Heilsueflandi grunnskóli.....	16
Upplýsinga og tæknimennt	17
Samstarf leik- og grunnskóla	17
Nemendafélagið Aldan	17
Stjórn Öldunnar	17

Áætlanir og hlutverk nefnda, ráða og teyma	18
Nemendaverndarráð	18
Áfallaáætlun	18
Skólaráð	18
Móttökuáætlanir	18
- Nemenda í 1.bekk.....	18
- Nýrra nemenda	18
- Nemenda með sérþarfir	18
- Nýrra starfsmanna	18
Akstursáætlun	18
Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá	18
Rýmingaráætlanir	18
Viðbrögð við óveðri	19
Forvarnir	19
Áætlun gegn einelti.....	19
Forvarnarteymi ofbeldis.....	19
Innra mat	19
Menntastefna.....	20
Stýrihópur	20
Nefndir, ráð, teymi og fulltrúar	21
Stjórnunarteymi.....	21
Teymi 1.-4. Árgangs	21
Teymi 5.-7. Árgangs	21
Teymi 8.-10. árgangs	21
Áfallaráð.....	21
Innra mats teymi	21
Forvarnarteymi ofbeldis.....	22
Skólaráð	22
Nemendaverndaráð	22
Umhverfis- og lýðheilsunefnd	22
Eldvarnarfulltrúi.....	22
Öryggistrúnaðarmaður	22
Öryggisvörður	23
Trúnaðarmaður kennara	23
Fulltrúi í fræðslunefnd:	23
Foreldrafélag	23
Stjórn foreldrafélagsins	23

Vordagar	24
vorferðir	24
Skóladagatal 2025-2026.....	24

Formáli

Hagnýtar upplýsingar

Veturinn 2025 – 2026 eru skráðir 54 nemendur í Grunnskólanum á Þórshöfn.

Skólanum er skipt í þrjú stig, yngsta stig, miðstig og elsta stig.

Í teymi yngsta stigs eru tveir umsjónarkennarar, einn faggreinakennari og einn stuðningsfulltrúi.

Nemendafjöldi á yngsta stigi:

1. árgangur	4 nemendur	Þórsver
2. árgangur	8 nemendur	Þórsver
3. árgangur	6 nemendur	Þórsver
4. árgangur	2 nemendur	Þórsver

Í miðstigsteymi eru tveir umsjónarkennarar, tveir faggreinakennarar og einn stuðningsfulltrúi.

Nemendafjöldi á miðstigi

5. árgangur	5 nemendur	Brimholt
6. árgangur	4 nemendur	Brimholt
7. árgangur	3 nemendur	Brimholt

Í teymi elsta stigs eru tveir umsjónarkennarar, einn faggreinakennari og einn stuðningsfulltrúi.

Nemendafjöldi á elsta stigi:

8. árgangur	7 nemendur	Kistufell
9. árgangur	7 nemendur	Kistufell
10. árgangur	8 nemendur	Kistufell

Grunnskólinn opnar klukkan 7:50.

Skólinn er opinn til 16:00 mánudaga til fimmtudaga en til kl. 15.00 föstudaga.

Nemendur fá 20 mínútna frímínútur að morgni og 30 mínútna hádegishlé. Nemendur í 1. -7. bekk fara út í frímínútum en nemendur í 8.-10. bekk fá að velja um útiveru eða inniveru.

Frístund er rekin við skólann frá mánudegi til fimmtudags. Samstarf er á milli grunnskólans og UMFL og er leitast er við að hafa allar íþróttæfingar yngstu nemenda á starfstíma frístundar.

Frístund er með aðstöðu á efstu hæð íþróttamiðstöðvarinnar.

Starfsáætlun nemenda

- 20. ágúst, skólasetning – skertur dagur
- 25.-28. ágúst, 7.bekkur í skólabúðum á Reykjum
- 8.- 12. september, bókavika
- 29. september - 15. október, samtalsdagar
- 9.-10. október, þemadagar v/árshátíð
- 20. – 21. október, vetrarfrí
- 3. – 7. nóvember, vinavika
- 13. nóvember – árshátíð, tvöfaldur dagur
- 17. og 18. desember, jólastöðvar, seinni dagur tvöfaldur
- 19. desember, stofujól – skertur dagur
- 27. janúar, þorrablót – tvöfaldur dagur
- 2. – 13. febrúar – samtalsdagar
- 23. -27. febrúar - heilsuvika
- 18. feb, öskudagur – skertur dagur
- 19. - 20. febrúar, vetrarfrí
- 20. – 28. maí, þemadagar og ferðalög
- 29. maí – skólaslit – tvöfaldur dagur

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.200 mínútur í 1.-4. bekk
- 1.400 mínútur í 5.-7. bekk
- 1.480 mínútur í 8.–10. bekk

Kennslustundafjöldi í Grunnskólanum á Þórshöfn, miðað við 40 mínútna kennslustundir:

- | | |
|-----------------|--------------------------------|
| 1. – 4. bekkur | 31 stund á viku eða 1240 mín |
| 5. - 7. bekkur | 37 stundir á viku eða 1480 mín |
| 8. – 10. Bekkur | 37 stundir á viku eða 1480 mín |

Starfsfólk og skipurit skólans

Aðalbjörg María Marinósdóttir	Faggeinakennsla á yngsta- og miðstigi
Árni Davíð Haraldsson	Umsjónarkennari 8. - 10. árgangs og staðgengill skólastjóra
Bergþóra Þórarinsdóttir	Faggreinakennsla á mið- og unglíngastigi
Birta Rún Ásgeirsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hanna Margrét Úlfisdóttir	Umsjónarkennari 1. – 4. árgangs
Hilma Steinarsdóttir	Skólastjóri
Hrafngerður Ösp Elíasdóttir	List- og verkgreinakennsla á öllum stigum
Hulda Kristín Baldursdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. árgangs
Kamila Kinga Swierczewska	Fæðingarorlof
Katrín Rúnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi og í frístund
Lilja Ólafsdóttir	Stoð- og faggreinakennsla
Líney Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 4 - 7. árgangs og umsjón með bókasafni
Magdalena Sylwia Zawodna	Umsjónarkennari 1. - 4. Árgangs
Michael Kimmel	Tónlistarkennari
Nuka-Naja Dabera B Lyng Egede	Grænenskukennsla og í frístund
Karítas Ósk Agnarsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Randi Motzfeldt Nielsen	Skólaliði
Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson	Sundkennsla
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi og húsvörður
Steinunn Guðnadóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir	Umsjónarkennari 4. - 7. árgangs

Stöðugildi grunnskólans, skólabókasafns og frístundar er 15,5



Tónlistarskólinn

Tónlistarskóli Langanesbyggðar er deild innan grunnskólans. Í vetur fer kennsla fram í húsnæði grunnskólans, Langanesvegi 20, eftir að skólahaldi lýkur.

Umsókn um nám skal skila til skólastjóra. Gjaldskrá má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, lnb.is.

Haustönn hefst 16. september og lýkur 17. janúar. Vorönn hefst 20. janúar og lýkur 16.mai.

Allir nemendur í fullu námi fá 60 mínútna einkakennslu á viku og nemendur í hálfu námi 30 mínútur á viku. Auk einkakennslu fá nemendur að spila saman og eina kennslustund í viku í tónfræði. Allir nemendur tónlistarskólans eru í grunnnámi.



Skipurit og starflýsingar stjórnenda

Við skólann starfa tveir stjórnendur, það er einn skólastjóri sem er í 70 % stöðu við stjórnun og deildarstjóri stoðþjónustu sem er 30 % staða við stjórnun.

Staðgengill skólastjóra er umsjónarkennari við skólann ásamt því að vera verkefnastjóri og ber hann ábyrgð á ýmsum skráningum og fyrirlögnum staðlaðra prófa.

Skólastjóri bera ábyrgð á rekstri skólans, skólaþróun og skólabrag. Hlutverk hans er að rekstur og starf skólans samræmist því sem Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um auk laga og reglugerða sem snúa að grunnskólastarfi.


Tónlistarskóli Langanesbyggðar er deild innan Grunnskólans á Þórshöfn. Skólastjóri grunnskólans er einnig skólastjóri tónlistarskólans.

Mötuneytið er rekið í Þórsveri af Karen Rut Konráðsdóttur. Matseðla má finna á heimasíðu skólans grunnskolin.com

Skólabílstjórar eru Benedikt Líndal Jóhannsson, Hafliði Jónsson, Margrét Eyrún Nielsdóttir og Ágúst Marinó Ágústsson.

Skólaakstur og mötuneyti eru boðin út af sveitarstjóra og starfa undir hans stjórn en í samstarfi við grunnskólann.

Skipurit leik- og grunnskóla - mynd



Fjöldi skóladaga og helstu viðburðir

Viðburður	Ástæða	Viðburðalýsing
Skólasetning	Skertur dagur	
Árshátíð	Tvöfaldur dagur	Kvöldskemmtun
Jólastöðvar	Tvöfaldur dagur	Leik- og grunnskóli hittast
Stofujól	Skertur dagur	
Þorablót	Tvöfaldur dagur	Kvöldskemmtun
Öskudagur	Skertur dagur	
Vorferðir	Einn tvöfaldur dagur	Dagsferðir – langir dagar
Skólaslit	Tvöfaldur dagur	

Tilhögun kennslu

Finna má námslotur (kennslufyrirkomulag vetrarins), kennsluáætlanir auk verklýsinga og eftir atvikum námsefni, námsmarkmið og námsmat inni á Mentor á heimasvæði hvers nemanda.

Skólatími

Skóladagar nemenda eru 180, skólaetning er 20. ágúst 2025 og skólaslit 29. maí 2026

Allir nemendur byrja kl. 8.10 alla morgna.

Nemendur í 1. – 4. árgangi eru í skólanum til 13:00 mánudaga til fimmtudaga.

Nemendur í 5.-10. bekk eru í skólanum til 14:00 mánudaga – fimmtudaga.

Á föstudögum lýkur skólahaldi kl.13.40 hjá öllum nemendum.

Stundaskrár nemenda er að finna inni á Mentor.



Valgreinar

Nemendur í öllum árgöngum hafa nokkurt val í flestum námsgreinum hvað varðar viðfangsefni, efnistösk, skil og slíkt en sérstakar valgreinar eru í 7. – 10. bekk, 5,5 kennslustundir á hverjum þriðjudegi. Samkvæmt Aðalnámskrá skal vera 1/5 af námi nemenda á unglíngastigi, val.

1,5 kennslustund skal vera tengd áhugasviði nemenda í 5. og 6. bekk en slíkt er í höndum kennara og getur birst á ýmsan máta í skólalastarfinu. Einn kennslustund á viku er merkt sem áhugasviðsverkefni í stundatöflu hjá 5. og 6. bekk.

Valannir eru fjórar og stendur hver önn yfir í níu vikur, þær eru litamerktar á skóladagatali, valgreinar í 7.-10. bekk eru kenndar á þriðjudögum.

Heimanám

Skólinn gerir ráð fyrir heimanámi og er það einkum til þess að þjálfna færni eins og lestur og ritun en einnig til að vinna í áætlunum þannig að þær standist tímalega séð.

Fyrir nemendur í 7. – 10. bekk er boðið upp á heimanámstíma sem valgrein og hjá 5. og 6. bekk er einn heimanámstími í stundaskrá.

Áhersla er á að nemendur sinni hæfilegri heimavinnu svo þeir megi betur nálgast námsleg markmið sín og þjálfast í vinnubrögðum.

Lengd viðvera/frístund

Frístund er rekin við skólann fjóra daga vikunnar fyrir nemendur á yngsta stigi. Frístund er opin frá 13.00-16.00 mánudaga-fimmtudaga. Þar er boðið upp á hressingu, útvíst og tómstundir eins og fyrr er nefnt. Aðsetur frístundar er í íþróttamiðstöðinni. Lágmarksgjald er tekið fyrir frístund og er gjaldskrá að finna á heimasíðu Langanesbyggðar, Inb.is.

Stoðþjónusta

Samningur er í gildi á milli Norðurþings og Langanesbyggðar varðandi sérfræðiþjónustu og skal hún vera í samræmi við lög og reglugerði um Sérfræðiþjónustu skóla.

Grunnskólinn nýtir þjónustu iðjuþjálfara sem starfar í hlutastarfi hjá Langanesbyggð.

Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um öll stoðþjónustumál og er næsti yfirmaður stoðkennara og stuðningsfulltrúa. Stjórnunarumfang deildarstjóra er 30% og kennsluhlutfall 70 %. (af 90% stöðuhlutfalli) Ásamt þeirri stoðkennslu er tæplega 60 % stöðugildi hjá öðrum kennurum, er því stöðugildi í stoðkennslu 1,2. Einnig sjá stuðningsfulltrúar í samráði við umsjónarkennara og deildarstjóra um stuðning við nemendur sem eiga við námserfiðleika að stríða. Hópaskiptingum í bekk er einnig þannig háttað að sem best sé hægt að þjónusta nemendur.

Skólahjúkrunarfræðingur kemur í skólann á miðvikudögum og er fram að hádegi með ýmis konar fræðslu.

Farsæld barna og samþætt þjónusta

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tekið gildi. Þessi lög varða öll börn og ungmenni á Íslandi frá 0 - 18 ára aldurs. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónustu í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld og hefur það markmið að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem skipta mestu máli fyrir farsæld barna.

Heimasíða Barna- og fjölskyldustofu: <https://www.bofs.is/>

Tengiliður

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns.

Tengiliður farsældar er:

- starfsmaður í nærþjónustu / grunnþjónustu barns og fjölskyldu þess.
- sá aðili sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- sá sem veitir fjölskyldunni upplýsingar um þjónustu, tryggir aðgang að frummati, styður við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda og fylgir málum eftir á 2. og 3. stig ef þörf er á.

Tengiliður Grunnskólans á Þórshöfn er Steinunn Guðnadóttir, steinunn@thorshafnarskoli.is

Málstjóri í þjónustu í þágu farsældar barna

Ef fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu og ástæða er til að ætla að barn þurfi fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma skal sveitarfélag þar sem barn á lögheimili tilnefna málstjóra þjónustu í þágu farsældar barnsins. Sveitarfélag skal velja málstjóra sem starfar við félagsþjónustu sveitarfélagsins eða á þeim sviðum þar sem þarfir barns liggja. Málstjóri skal hafa þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna.

Málstjóri farsældar er:

- Starfsmaður sem starfar við félagsþjónustu sveitarfélagsins eða þar sem þarfir barns liggja
- Sá sem stýrir stuðningsteymi í 2. og 3. stigs þjónustu í þágu farsældar barna
- Sá sem styður fjölskyldur við samþættingu þjónustu á 2. og 3. stigi
- Aðili sem hefur hagsmuni barns að leiðarljósi og er í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Stigskipting þjónustu

Þjónustu við börn er skipt í þrjú stig í lögunum.

Fyrsta stig: Grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum. Snemmtækur stuðningur er veittur og fylgt eftir á markvissan hátt. Tengiliðir vinna mál barna á fyrsta stigi.

Dæmi: Ung- og smábarnavernd, leikskóli, grunnskóli, almenn heilbrigðisþjónusta ofl.

Annað stig: Einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns. Málstjórar vinna mál barna á öðru stigi.

Dæmi: Sérkennsla í skóla, einstaklingsbundinn stuðningur við barn, færnipjálfun ofl.

Þriðja stig: Einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns. Málstjórar vinna mál barna á öðru og þriðja stigi.

Dæmi: Innlögn á sjúkrahús eða meðferðarstofnun, greining hjá sérfræðingum t.d. Ráðgjafar- og greiningarstöð, barnaverndarþjónusta ofl.

Leitast skal við að veita sérhæfðari stuðning á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.

Upplýsingar í kaflanum Farsæld barna og samþætt þjónusta eru teknar af heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu, bofs.is

Skimanir

Í grunnskólanum eru lagðar fyrir skimanir til að meta námslega, félagslega, tilfinningalega og heilsufarslega stöðu nemenda og leita vísbendinga um erfiðleika á þeim sviðum:

1.bekkur

Lesskimun	sept	Umsjónarkennari
Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari
Hæð, þyngd, sjón	sept	Skólahjúkrunarfræðingur
Viðtal um heilsu og líðan	sept	Skólahjúkrunarfræðingur
Líkaminn minn	jan	Skólahjúkrunarfræðingur
Hjálpafræðsla	maí	Skólahjúkrunarfræðingur

2.bekkur

Lesfimi	sept., jan og maí	umsjónarkennari
Lesmál	apríl	Umsjónarkennari
Tilfinningar	mars	Skólahjúkrunarfræðingur

3.bekkur

Lestrarskimum – LOGOS	mars/apríl	Skólaþjónusta
Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari
Orðarún lesskilningur	nóv og mars	Umsjónarkennari

4.bekkur

Orðarún lesskilningur	nóv og mars	Umsjónarkennari
Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari
Hamingja, kvíði	okt	Skólahjúkrunarfræðingur
Hæð, þyngd, sjón	sept	Skólahjúkrunarfræðingur
Slysavarnir	jan	Skólahjúkrunarfræðingur

5.bekkur

Orðarún lesskilningur	nóv og mars	Umsjónarkennari
Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari

6.bekkur

Orðarún lesskilningur	nóv og mars	Umsjónarkennari
Lestrarskimum-LOGOS	jan/feb	Skólaþjónustan
Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari
Kynþroski	nóv	Skólahjúkrunarfræðingur
Endurlífgun	nóv/jan	Skólahjúkrunarfræðingur

7.bekkur

Orðarún lesskilningur	nóv og mars	Umsjónarkennari
Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari
Viðtal um heilsu og líðan	sept	Skólahjúkrunarfræðingur
Hæð, þyng, sjón	sept	Skólahjúkrunarfræðingur
Bólusetningar	sept/ap	Skólahjúkrunarfræðingur

8.bekkur

Orðarún lesskilningur	nóv og mars	Umsjónarkennari
Lesfimi	sept.,jan og maí	Umsjónarkennari
Hugrekki, félagsþrýsingur	ap	Skólahjúkrunarfræðingur
Sjálfsmynd og samskipti	jan	Skólahjúkrunarfræðingur
Endurlífgun	nóv/jan	Skólahjúkrunarfræðingur

9.bekkur

Lesfimi	sept., jan og maí	Umsjónarkennari
Bólusetningar	jan	Skólahjúkrunarfræðingur
Kynheilbrigði	ap	Skólahjúkrunarfræðingur

10.bekkur

Lesfimi	sept.,jan og maí	Umsjónarkennari
Endurlífgun	nóv/jan	Skólahjúkrunarfræðingur
Geðheilbrigði	jan	Skólahjúkrunarfræðingur
Ábyrgð á eigin heilsu	apríl	Skólahjúkrunarfræðingur

Skólabragur

Lærdómssamfélag

Grunnskóli og leikskóli hafa síðustu ár starfað saman í þróunarverkefni sem ber heitið *Lærdómssamfélag í skólasamfélagi Langanesbyggðar* undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Um var að ræða þriggja ára þróunarverkefni sem hófst haustið 2021 þar sem unnið er markvisst af því að byggja upp og þróa lærdómssamfélag í skólunum. Þó þriggja áraþróunarvinnu sé lokið heldur starfið áfram og er það bæði vilji allra og markmið að starfa í anda lærdómssamfélags.

Lærdómssamfélag byggir á teymisvinnu meðal starfsmanna og er traust undirstaða góðrar samvinnu. Eitt teymi er fyrir hvert stig og er eitt sameiginlegt stjórnunarteymi fyrir leik- og grunnskóla.

Í lærdómssamfélagi er samhugur um að byggja stöðugt upp nýja þekkingu og nýta hana á vettvangi. Fólk vinnur náið saman út frá mótaðri námssýn sem allir skilja á sama hátt. Allt starfsfólk hefur miklar væntingar til nemenda og ber sameiginlega ábyrgð á námi þeirra.

Eftirfarandi þættir eru einkenni lærdómssamfélags:

- Áhersla á nám nemenda
- Sameiginleg sýn, gildi og væntingar
- Markmiðs- og árangursmiðað starf
- Sameiginleg greining á stöðu og árangri
- Forysta og skuldbinding til að leggja stítt af mörkum til stöðugrar þróunar
- Starfsþróun

Teymisvinna

Teymisvinna er grunneining í lærdómssamfélagi

Markmiðið er að til verði áragursríkt teymi, en það:

- Er með skriflega samþykkt um tilgang, gildi og samskipti.
- Vinnur sameiginlega að því að leysa úr ágreiningi.
- Er með raunhæfa verkáætlun sem allir samþykkja.
- Hefur skýra sýn og vinnur stöðugt að því að ná markmiðum sínum
- Hefur skýra mynd af verkefnum sínum, þeim markmiðum sem unnið er að og tilgangi með hverju skrefi, fundum, umræðum og ákvörðunum.
- Tryggir að hæfileikar allra fái notið sín og allir séu virkir og upplifi ekki að vera afskiptir.

Í árangursríku teymi ættu meðlimir teymis:

- Að vera hnitmiðaður í samskiptum og umræðum. Samræðan beinist að athöfnum en ekki persónum.
- Að vera gagnorðir.
- Að beita virkri hlustun; ígrunda það sem aðrir leggja til frekar en að rökræða eða takast á um hugmyndir.
- Leggja áherslu á að leita allra leiða til að leysa ágreining

- Vinna markvisst að því að eyða spennu í hópnum og vinna skipulega úr málum
- Tjá tilfínnigar sínar og fá viðbrögð annarra við þeim
- Nota gögn við töku ákvarðana.
- Taka virkan þátt í samræðum og ákvörðunum sem einkennist heilt yfir af jafnræði. Það getur farið eftir umræðuefni hvort sumir hafi meira til málanna að leggja en aðrir.
- Leitast við að finna lausn til frambúðar fremur en að leita að skyndilausnum.
- Styðjast við skilvirkar umbótaáætlanir þar sem ábyrgð verkefna er skýr og ljóst hvert stefna skal með umbótum.

Leiðsagnarnám

Innleiðing leiðsagnarnáms heldur áfram hjá okkur en nú erum við á þriðja ári undir leiðsögn Miðstöðvar skólapróunar við Háskólann á Akureyri í þeirri vinnu.

Leiðsagnarnám er námsaðferð sem byggir á virkri þátttöku kennara og nemenda, aðferðin snýst um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Markmiðin þurfa að vera skýr og vel skilgreind svo nemandinn, kennarinn og aðrir sem að náminu koma hafi sama skilning á því hvað sé til marks um að markmiðunum sé náð.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni okkar

<https://www.grunnskolin.com/is/hagnytt/leidsagnarnam>

Geðrækt

Efla félags- og tilfinningaþroska.

Markmiðin varðandi geðrækt eru að nemendur:

- þjálfist í að tjá tilfinningar, væntingar og hugsanir
- geri sér grein fyrir eigin styrk- og veikleikum
- eflist í að taka þátt í samræðum og segja sínar skoðanir
- eflist í að tjá sig skýrt og áheyrilega

Allir starfsmenn eru beinir þátttakendur, forystan er í höndum stjórnunarteymis og leiðtoga í hverju teymi. Undirbúningur fer fram í teyllum og framkvæmd í höndum kennara. Mikilvægt er að allir finni til samábyrgðar og að allir taki þátt í að vinna að settum markmiðum.

Samstarf heimila og skóla

Gott samstarf heimila og skóla leggur grunn að farsælli skólagöngu nemenda og eru forráðamenn nemenda ávallt velkomnir í skólann. Á samtalsdögum mæta nemendur og forráðamenn saman og hitta umsjónakennara og fleiri starfsmenn ef þess er óskað.

Jákvæður agi

Á Barnabóli og í Grunnskólanum á Þórshöfn er unnið með uppeldisstefnu sem nefnist **Jákvæður agi - Positive Discipline**.

Jákvæður agi miðar að því að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Með Jákvæðum aga er lögð áhersla á að:

- efla ábyrgð barna og kenna þeim að leita lausna
- forðast valdabaráttu milli fullorðinna og barna
- nota hvatningu og hrós í stað umbunar
- byggja á styrkleikum barna
- fá börn til samstarfs og efla þannig sjálfsmynd þeirra
- auka samvinnu heimilis og skóla
- skapa góðan bekkjaranda sem stuðlar að því að nám geti farið fram
- nota bekkjarfundi til að kenna félagsfærni og jákvæða hegðun
- skilja ástæður hegðunar í stað þess að einblína á afleiðingar hegðunar.

Hugmyndafræðin gerir ráð fyrir að kennarar tileinki sér ýmsar hagnýtar aðferðir við bekkjarstjórnun, að starfsfólk vinni saman í teyrum og hjálpist að við að finna lausnir á málum sem upp koma.

Bekkjafundir/barnafundir eru grundvallaratriði í hugmyndafræðinni og eru þeir fundir m.a. nýttir til kennslu og þjálfunar í að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni.

Skólareglur

Skólareglur skólans eru mótaðar á hverju hausti með nemendum og sendar heim til undirritunar og samþykktar. Skólareglur grunnskólans er að finna á heimasíðu skólans.

Heilsueflandi grunnskóli

Heilsueflandi er vettvangur fyrir markvisst lýðheilsustarf í sveitarfélögum, skólum og vinnustöðum. *Meginmarkmiðið* er að skapa **umhverfi og aðstæður** sem stuðla að heilsusamlegum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra.

Í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli er unnið með þessa átta þætti:

- Mataræði/Tannheilsa
- Hreyfing/Öryggi
- Geðrækt
- Heimili
- Lífsleikni
- Nemendur
- Nærsamfélag
- Starfsfólk

Upplýsinga og tæknimennt

Í grunnskólanum er lögð áhersla á upplýsinga og tæknimennt og er skólinn búinn að koma sér upp ágætu safni af tæknidóti. Á þessari slóð má finna UT-stefnu skólans:

<https://www.grunnskolinn.com/static/files/Aetlanir/starfsaetlanir/ut-stefna-gth-til-birtingar.pdf>

Samstarf leik- og grunnskóla

Elsti árgangur leikskólans Barnabóls kemur í reglulegar heimsóknir í grunnskólann. Fyrsta heimsókn er fyrri dagur jólastöðva. Á vorönninni koma börnin tvo daga í mánuði, tvo klukkutíma í senn og vinna verkefni sem skipulögð eru bæði af leik- og grunnskólakennurum. Í heimsóknunum kynnast börnin skólahúsnæðinu, starfsfólki og öðrum nemendum.

Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að leikskólabörnin nái að kynnast grunnskólanum á jákvæðan hátt og líti á hann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Nemendur 1.bekkar fara í nokkrar heimsóknir á Barnaból yfir veturinn.

Innritun nemenda í 1.bekk fer fram í maí.

Nemendafélagið Aldan

Við skólann starfar nemendafélag og í stjórn þess sitja fulltrúar frá 8. – 10. bekk. Kosið er í stjórn nemendafélagsins að hausti. Stjórnin sér um að halda viðburði fyrir alla nemendur skólans nokkrum sinnum yfir skólaárið auk þess sem það heldur hrekkjavökuball fyrir alla nemendur skólans og árshátíðarball fyrir elstu nemendurna.

Stjórn Öldunnar

Selma Björk Gísladóttir	formaður
Sylwia Björk Tarasiewicz	gjaldker
Dögun Rúnarsdóttir	meðstjórnandi
Jódis Kristína Krawczyk	meðstjórnandi
Katla Bríet L. Benediktsdóttir	meðstjórnandi
Leó Hrafn Guðmundsson	meðstjórnandi
Zofia Kaja Swierczewska	meðstjórnandi

Ásta Rut Ólafsdóttir	varamaður
Björgvin Leó Beck	varamaður
Guðrún Petra Jónsdóttir	varamaður
Katrín Sif Bjarnadóttir	varamaður
Ujarak Thor Motzfeldt	varamaður

Áætlanir og hlutverk nefnda, ráða og teyma

Kennarafundir eru að jafnaði vikulega sem og teymisfundir. Aðrar nefndir innan skólans funda reglulega yfir skólaárið en tíðni funda fer þó eftir verkefnum er liggja fyrir.

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja fulltrúar skólaþjónustu, skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur og umsjónarkennari situr fund þegar nemendur hans eru til umfjöllunar. Fundargerðir nemendaverndarráðs eru færðar í trúnaðarbók.

Áfallaáætlun

Áfallateymi starfar í skólanum og vinnur eftir áfallaáætlun sem finna má á heimasíðu grunnskólans, <https://www.grunnskolinn.com/static/files/Aetlanir/afallaaetlun-uppfaerd-jan-24.pdf>

Skólaráð

Við alla grunnskóla skal skv. reglugerð starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur um skólasamfélag og skólahald. Í skólaráði sitja skólastjóri, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð fundar minnst fjórum sinnum yfir árið.

Móttökuáætlanir

- **Nemenda í 1.bekk** mottokuaetlun_nemenda1bekk.pdf (grunnskolinn.com)
- **Nýrra nemenda** mottokuaetlun_innflytjendur.pdf (grunnskolinn.com)
- **Nemenda með sérþarfir** mottokuaetlun_nem._sertharfir.pdf (grunnskolinn.com)
- **Nýrra starfsmanna** mottaka-nyrra-starfsmanna.pdf (grunnskolinn.com)

Akstursáætlun

Upplýsingar um skólaakstur er að finna á heimasíðu grunnskólans, grunnskolinn.com

[Microsoft Word - Akstursáætlanir 2025-2026](#)

Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá

Rýmingaráætlanir skólans má finna á heimasíðu skólans grunnskolinn.com

[Áætlanir | Grunnskólinn á Þórshöfn](#)

Við öfluga jarðskjálfta skulu nemendur og starfsfólk leita vars undir borðum í kennslurýmum og forðast að vera þar sem hlutir geta fallið. Eftir að skjálftinn hefur riðið yfir, er haldið kyrru fyrir í skólanum þar sem hann er fjöldahjálparstöð.

Viðbrögð við óveðri

Kappkostað er að senda tímanlega út tilkynningu um röskun á skóla- og frístundastarfi vegna óveðurs. Tilkynningar eru sendar í tölvupósti í gegn um Mentor ásamt því að birtast á heimasíðu og/eða facebook síðu grunnskólans. Einnig er hægt að senda skilaboð í síma í gegn um Mentor.

Forvarnir

Grunnskólinn á Þórshöfn nýtir Jákvæðan aga og Olweus sem forvörn og viðbragð í eineltismálum. Í öllu skólastarfi okkar horfum við til þeirrar grunnreglu að við leggjum ekki aðra í einelti. Allra leiða er leitað til þess að fyrirbyggja einelti og bregðast við því á skipulegan hátt. Að vinna gegn einelti er langtímaáætlun sem byggir á skipulegu forvarnarstarfi, jákvæðum skólabrag og góðum bekkjaranda.

Innra matsteymi er einnig forvarnarteymi gegn einelti.



Áætlun gegn einelti

<https://www.grunnskolininn.com/static/files/Aaetlanir/aaetlun-gegn-einelti-gth-april-2023.pdf>

Forvarnarteymi ofbeldis

Framkvæmd forvarnarteyma grunnskólanna var sett á tíma fyrir árslok 2021 samkvæmt þingsályktun 37/150, eins og samþykkt var á Alþingi um *forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025*. Í henni er lögð áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Í **forvarnarteymi Grunnskólans á Þórshöfn sitja** skólastjóri grunnskólans, frístundafulltrúi sveitarfélagsins, skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur skólaþjónustu Norðurþings.

Sjá upplýsingar um *Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025*.

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1609.html>

Innra mat

Grunnskólinn á Þórshöfn nýtir sér m.a. Skólapúls við innra mat skólans. Árlega eru framkvæmdar nemendakannanir og annað hvert ár, oddaár, eru framkvæmdar starfsmanna- og foreldakannanir.

Nánari upplýsingar um innra mat/sjálfsmat er að finna á heimasíðu skólans,

<https://www.grunnskolininn.com/is/hagnytt/sjalfsmat>

Menntastefna

Langesbyggð vinnur að uppfærslu menntastefnu fyrir sveitarfélagið. Gunnar Gíslason frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri leiðir þá vinnu og sérstakur stýrihópur var stofnaður, í hópnum sitja:

Stýrihópur

Hilma Steinarsdóttir -skólastjóri

Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir – Leikskólastjóri

Sigríður Friðný Halldórsdóttir – fulltrúi sveitarstjórnar

Þórarinn Þórisson – fulltrúi sveitarstjórnar

Hólmfríður Katrín Jónsdóttir – fulltrúi nemenda

Hildur Stefánsdóttir – fulltrúi forelda Grunnskólans á Þórshöfn

Karitas Ósk Agnarsdóttir – fulltrúi foreldra Barnabóls

Magdalena Sylwia Zawodna – fulltrúi kennara Grunnskólans á Þórshöfn

Sigríður Ósk Indriðadóttir – fulltrúi starfsfólks Barnabóls

Nefndir, ráð, teymi og fulltrúar

Stjórnunarteymi

Hilma Steinarsdóttir
Steinunn Guðnadóttir
Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir

Teymi 1.-4. Árgangs

Magdalena Sylwia Zawodna
Hanna Margrét Úlfisdóttir
Aðalbjörg María Marinósdóttir
Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Teymi 5.-7. Árgangs

Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir
Líney Sigurðardóttir
Hrafngerður Ösp Elíasdóttir
Lilja Ólafsdóttir
Katrín Rúnarsdóttir

Teymi 8.-10. árgangs

Árni Davíð Haraldsson
Hulda Kristín Bardursdóttir
Bergþóra Th. Þórarinsdóttir
Birta Rún Ásgeirsdóttir

Áfallaráð

Hilma Steinarsdóttir skólastjóri
Árni Davíð Haraldsson staðgengill skólastjóra
Hanna Margrét Úlfisdóttir trúnaðarmaður kennara (KÍ)
Karitas Ósk Agnarsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

Innra mats teymi

Árni Davíð Haraldsson
Hanna Margrét Úlfisdóttir
Hilma Steinarsdóttir
Hulda Kristín Baldursdóttir
Steinunn Guðnadóttir
Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Forvarnarteymi ofbeldis

Hilma Steinasdóttir	skólastjóri
Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson	f.h. félagsmiðstöðvarinnar
Karitas Ósk Agnarsdóttir	skólahjúkrunarfræðingur
Kristín Heimisdóttir	sálfræðingur skólaþjónustu

Skólaráð

Hilma Steinarsdóttir	skólastjóri
Magdalena Sylwia Zawodna	fulltrúi kennara
Líney Sigurðardóttir	fulltrúi kennara
Birta Rún Ásgeirsdóttir	fulltrúi annars starfsfólks
Ragnar Skúlason	fulltrúi foreldra
	fulltrúi nemenda
	fulltrúi nemenda
	fulltrúi grenndarsamfélags

Nemendaverndaráð

Hilma Steinarsdóttir
Steinunn Guðnadóttir
Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir
Karitas Ósk Agnarsdóttir

Umhverfis- og lýðheilsunefnd

Bergþóra Th. Þórarinsdóttir
Hrafngerður Ösp Elíasdóttir
Katrín Rúnarsdóttir
Lilja Ólafsdóttir
Líney Sigurðardóttir
Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Eldvarnarfulltrúi

Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Öryggistrúnaðarmaður

Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Öryggisvörður

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Trúnaðarmaður kennara

Hanna Margrét Úlfsdóttir

Fulltrúi í fræðslunefnd:

Magdalena Sylwia Zawodna

Foreldrafélag

Upplýsingar um stjórn og fundargerðir frá aðalfundum félagsins má finna á heimasíðu grunnskólans, grunnskolin.com, undir flípanum foreldrar.

Stjórn foreldrafélagsins

Aldís Gunnarsdóttir

Almar Marinósson, fulltrúi foreldra í fræðslunefnd

Dawid Tadeusz Potrykus

Hjörtur Harðarson

Ragnar Skúlason, fulltrúi í skólaráð

Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Tupaarnaq Else Bjerger Motzfeldt

Vordagar

Ýmir skapandi verkefni eru unnin úti á vorin, sem dæmi um verkefni eru að ákveðnar gangstéttir í þorpinu eru málaðar, stétt á skólalóð máluð, steinar málaðir og skólalóðin skreytt með þeim og fleira þess háttar. Einnig tökum við einn dag í að hreinsa rusl af slólalóð og nágrenni.

vorferðir

Dagana 20.-28. maí verður farið í dagsferðir með nemendum í 1.-9.bekk, þó kemur fyrir að nemendur í 7.-9.bekk gisti í sínum ferðalögum. Nemendur 10.bekkjara fara í útskriftarferð til útlanda. Þá ferð skipuleggja nemendur, foreldrar og skóli saman og greiðir bekkjarsjóður þeirra, sem er þeirra söfnunarfé, ferðina. Skólinn greiðir innanlandskostnað í útskriftarferðinni.



Skóladagatal 2025-2026

Er einnig að finna á heimasíðu grunnskólans, grunnskolin.com / thorshafnarskoli.is

[grunnskoladagatal-2025-2026-med-breytingum-samthykkt-i-fraedslunefnd-okt-25.pdf](#)

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Starfisdagur	1 F Hvíldisdagur	1 S	1 S	1 M	1 F Þvöskudagurinn	1 M Starfisdagur
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F Starfisdagur	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ Starfisdagur
3 S	3 M	3 F	3 M Jórvökla	3 M	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M Starfisdagur	3 M Starfisdagur
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Starfisdagur
5 Þ	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 Þ	6 F	6 Þ Jórtvöskla	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 M	11 F	11 F	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 Þ	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 Þ	14 F	14 L	14 S	14 M	14 L	14 L	14 F	14 Þ	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 L	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 Þ	21 F	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 M	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 Þ	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 M	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 F	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 S	31 M	31 F	31 L	31 M	31 L	31 Þ	31 Þ	31 F	31 S	31 M